

Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóvember, 2011

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Vísað er í ofangreint lagafrumvarp og breytingar sem þar eru lagðar til. Hjartaheill styður framgang laga sem leiðir til þess að lyfjaverð verði sem lægt fyrir sjúklinga almennt, hvort sem um er að ræða lyfseðilsskyld lyf eður ei.

Með frumvarpinu er lögð til áframhaldandi frestur á banni við afsláttum af smásölu lyfja.


Nokkuð ljóst er að í nýju fyrirhuguðu greiðslubátttökukerfi munu afslættir lyfseðilsskyldra lyfja væntanlega leggjast af. Í fyrsta þrepi munu sjúklinga greiða að fullu fyrir lyfin upp að 2. þrepi. Velta má því fyrir sér hvort afslættir í apótekunum mun ekki eingöngu virka til að seinka viðkomandi í 2. og 3ja þrep og því ekki gagnast viðkomandi í raun.

Þá er þeirri spurningu ósvarað að gagnvart lífeyrisþegum sem eiga erfitt með að greiða fyrsta þrepið þ.e. kr. 15.000,- hvort það sé eðlilegt líkt og hefur verið fleygt fram að bankakerfið komi þar til með greiðsludreifingu. Með þeim hætti má halda fram að verið sé að einkavæða fyrsta þrepið með auknum álögum sem minnst mega sín með vaxtagjöldum. Ennfremur eiga þeir sem ekkert eiga enga kost að sækja greiðsludreifingu til bankakerfisins. Allar forsendur vantar. Viðkomandi er ekki með neina veltu, jafnvel engin bankakort o.sv.frv. Hjartaheill telur að stjórnvöld verði að leysa þennan þátt með afgerandi hætti svo ekki skapist óvissa í framkvæmdinni síðar þá þannig að sjúklingar/lífeyrisþegar sem minnst mega sín geta ekkert aðhafst í lyfjainnkaupum á fyrsta stigi kerfisins.

Líkt og ofan greinir fagnar Hjartaheill lögum sem lágmarkar verð til sjúklinga á verðum. Hins vegar er það praktísk spurning hvernig smásalar eiga að geta þrífist á markaði ef þeir mega veita afslætti áfram næstu 4 ár, en heildsalar mega ekki veita afslætti. Verðmyndun á lyfjum kemur þá fram í framleiðslu eða innkaupum heildsala/lyfjaframleiðanda. Heildsalar geta tryggt nokkuð fyrirfram sína framlegð en smásalar verða í meiri vandræðum að sjá fyrir endanlega framlegð í rekstri sínum.

Aðalmálið er þetta að kerfið gangi upp með það markmiði að allir sjúklingar standi jafnfætis í þeirri viðleitni að fá lyf á bestu kjörum og þá þannig að allir geti fjármagnað innkaupin burt séð frá fjárhagsstöðu sinni.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Hjartaheilla

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sveinn Guðmundsson', written over a horizontal line.

Sveinn Guðmundsson, hrl.
varaformaður.